

STARFSLÝSING

Yfirmaður þroskaþjálfa er skólastjóri.

1. Meginviðfangsefni

Starf þroskaþjálfa í grunnskóla og heyrir starfið undir skólastjóra/deildarstjóra sérkennslu.

2. Helstu verkefni

2.1 Ábyrgð í starfi

- Ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemenda með fötlun.
- Ber ábyrgð á samskiptum við fjölskyldu nemenda sinna í samráði við yfirmann.
- Miðlar upplýsingum varðandi sérþarfir nemenda til kennara, annarra starfsmanna skólans og foreldra.
- Stendur vörð um réttindi nemenda sinna og stuðlar að því að þeir njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Tryggir svo sem kostur er og stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðra einstaklinga.
- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.

2.2 Teymisvinna

- Náið samstarf við deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennara.
- Reglubundið samstarf við sérfræðinga og fagteymi sem koma að þjónustu nemenda.

2.2. Samskipti

- Mikilvægt er að þroskaþjálfari og kennari/kennarar starfi náði saman og gæti þess að verkskipting þjóni sem best öllum einstaklingum bekkjarins/deildarinnar.
- Reglubundin samskipti við sérfræðinga og stofnanir sem koma að þjónustu nemenda.

2.3. Önnur verkefni

- Verkefni sem yfirmaður felur þroskaþjálfa og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Háskólamenntun í þroskaþjálfun er skilyrði.
- Framhaldsmenntun er æskileg en ekki skilyrði.
- Góð tungumálakunnátta, íslenska og enska.
- Þekking á stefnumótun.

3.2. Hæfnisþættir

- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Fjarðabyggð _____